

Reykjavík, 3. júlí 2025

USK25030447 (HS)

Bergstaðastræti 4 – Umsókn um breytingu á deiliskipulagi

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 29. apríl 2025 var lögð fram umsókn Studio Nexus slf., ásamt greinargerð, dags. 31. mars 2025, um breytingu á deiliskipulagi reits 1.171.3 vegna lóðarinnar nr. 4 við Bergstaðastræti. Í breytingunni sem lögð er til felst að heimilt verði að rífa tveggja hæða eldra bakhús á lóðinni og byggja þess í stað fjögurra hæða nýbyggingu, samkvæmt deiliskipulags- og skuggavarpssuppl. Nexus, dags. 31. mars 2025. Einnig er lögð fram tillaga Nexus að uppbyggingu, dags. 19. mars 2025 og umsagnir Minjastofnunar Íslands, dags. 28. nóvember 2024 og 16. júní 2025. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnastjóra og er nú lagt fram að nýju.



Skjáskot af loftmynd og korti af Bergstaðastræti 4 og nágrenni. Loftmynd var tekin 17. júlí 2023.



Skjáskot tekið af google maps, mynd tekin í ágúst 2024

Skipulag í gildi

Umrædd lóð er á afmörkuðu svæði M1a Miðborg í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040.

Í gildi er deiliskipulag fyrir staðgreinireit 1.171.3, sem afmarkast af Laugavegi, Bergstaðastræti og Skólavörðustíg, samþykkt 17. september 2002, ásamt síðari breytingum. Árið 2007 var gerð breyting á deiliskipulaginu fyrir Bergstaðastræti 4.

Umsögn

Samkvæmt brunavirðingum eru húsið og smiðjan á Bergstaðastræti 4 frá árinu 1912 og því bæði aldursfriðuð með lögum. Hús sem reist eru 1923 eða fyrr njóta friðunar vegna aldurs skv. 1. mgr. 29. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Í því felst að óheimilt er að raska húsinu, spilla því eða breyta, rífa eða flytja úr stað, nema með leyfi Minjastofnunar Íslands sbr. 2. mgr. 29. gr. Þann 16. júní síðast liðinn, gaf Minjastofnun Íslands út umsögn vegna beiðni um breytingu á deiliskipulagi fyrir Bergstaðastræti 4. Þar segir eftirfarandi:

Minjastofnun Íslands heimilar ekki niðurrif smiðjunnar. Stofnunin telur breytingartillöguna ganga of hart að húsinu og að í stað þess að tillagan gangi út á að varðveita smiðjuna, verði hún til þess að þurrka hana út, bæði að efni og formi til. Með þessari breytingu verði ekkert eftir af gamla húsinu heldur aðeins leikmynd á götuhlið þess. Stofnunin tekur æskilegast að smiðjan verði varðveitt á núverandi stað og framhlið hennar endurbætt og færð til fyrra útlits.

Núverandi tillaga að breytingu á deiliskipulagi byggir m.a. á því að smiðjan verði rifin. Í ljósi umsagnar Minjastofnunar Íslands, frá 16. júní 2025, er umsókn um breytingu um deiliskipulagi fyrir staðgreinireit 1.171.3, Bergstaðastræti 4 synjað.

Niðurstaða

- Ekki er fallist á umsókn um deiliskipulagsbreytingu í þessari mynd fyrir Bergstaðastræti 4.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

Vakin er athygli á að fyrirspurn um afstöðu skipulagsfulltrúa til erindis byggir á innsendum gögnum og verður ekki lögð að jöfnu við formlega umsókn og svar í slíku tilfelli getur eðli máls samkvæmt ekki talist stjórnsvaldsákvörðun. Afgreiðsla skipulagsfulltrúa á fyrirspurnum felur því ekki í sér lokaákvörðun og veitir ekki heimild til framkvæmda.